

**Vorskýrsla**  
**Stuðningsbrautar Flúðaskóla**  
**2020-2021**  
**Kolbrún Haraldsdóttir**  
**deildarstjóri stuðningsbrautar**

**Skipulag og undirbúningur**

- ✓ Vinna á nýju skólaári hófst á mjög hefðbundinn hátt með stundatöflugerð fyrir kennara sem sinna sérkennslu og stuðningsfulltrúa.
- ✓ Í vetur voru 6 stuðningsfulltrúar við skólann í 43-90 % starfshlutfalli. Það eru Ann, Hera, Gunna Sigga, Sigga Steina, Ragnhildur og Orri. Stuðningsfulltrúar ýmist fylgja ákveðnum nemanda eða eru til stuðnings inni í bekk og nýtast þá fleiri nemendum. Einnig starfa stuðningsfulltrúar í Skólaseli ásamt umsjónarmanni Skólasels. Umsjónarmaður Skólasels í vetur var Sigga Steina ásamt Ann.
- ✓ Stuðningsfulltrúar sinna gæslu í hádegishléi og úti og inni í frímínútum. Að venju tóku stundatöflurnar nokkrum breytingum fram eftir hausti meðan skólastarfið var að slípast til.
- ✓ Einstaklingsnámskrágerð fyrir nokkra nemendur fór fram á haustdögum í samvinnu við umsjónarkennara og þá sem sinna sérkennslu. Var notað svipað form og áður fyrir einstaklingsnámskrár. Ýmist voru þær unnar í sérstöku einstaklingsáætlunarformi eða í Mentor. Í flestum tilfellum gekk þessi vinna vel. Stöðumat/greiningar var unnið fyrir nokkra nemendur í samráði við umsjónarkennara/sérkennara og gátlistar gerðir í framhaldi af því sem notaðir voru markmiðssetningu og reglulegt endurmat.
- ✓ Deildarstjóri heldur utan um öll trúnaðargögn sem berast skólanum er varða nemendur s.s skýrslur frá Greiningarstöð, læknum og öðrum sérfræðingum, bréf frá jöfnunarsjóði, umsóknir, tilvísanir og annað það sem fer frá okkur í skólanum eða kemur hingað inn á borð varðandi sérkennslu nemendur. Mikilvægum upplýsingum í nýjum gögnum um nemendur komið til þeirra er málið varðar.
- ✓ Deildarstjóri sér um að sækja um í Jöfnunarsjóð vegna fatlaðra nemenda og til nýbúafræðslu.
- ✓ Deildarstjóri sækir um frávík og undanþágur fyrir nemendur í samræmdum prófum í samvinnu við skólastjórnendur, umsjónarkennara og foreldra.

- ✓ Skipuleggja forfallaafleysingar eins og hægt er fyrir sérkennara og stuðningsfulltrúa í samvinnu við skólastjórnendur.

### **Fundir og fræðsla**

- ✓ Að venju á starfsmannafundi í upphafi skólaárs var farið yfir hvaða nemendur eru með einhverskonar sérþarfir í skólanum. Er það kynning fyrir nýja kennara og upprifjun fyrir hina og kynning á nýjum nemendum með sérþarfir.
- ✓ Deildarstjóri stuðningsbrautar fundaði með stuðningsfulltrúum af og til og fór yfir málin með þeim. Oftast voru þessir fundir haldnir á starfsdögum.
- ✓ Starfsmenn Skólalþjónusta Árneshings hafa það hlutverk að þjónusta og styðja og styrkja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flest þau verkefni sem upp koma með öflugri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks. Við höfum lítið nýtt okkur þessa þjónustu í vetur.
- ✓ Fundir með kennurum, sálfræðingi og talmeinafræðingi skólans og skil á skýrslum með foreldrum og eftirfylgd ákveðinna einstaklinga.
- ✓ Fundir með kennurum og foreldrum barna eftir þörfum.
- ✓ Fundir með kennurum sem sinna sérkennslu þar sem málefni einstaka nemanda voru rædd og samráð um vinnu við einstaka nemendur.
- ✓ Reglulegir teymisfundir vegna ákveðinna nemenda.
- ✓ Deildarstjóri hefur prófað nokkra nemendur með LOGOS lestrargreiningarprófi og lagt fyrir Talnalykil.
- ✓ Lesskimun fyrir 1. bekk frá Menntamálastofnun var lagt fyrir 1. bekk á haustdögum. Skimunin byggir á hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun og einstaklingsmiðaða lestrarkennslu.
- ✓ Sumarlestur hefur verið sl. sjö ár fyrir nemendur 1.-7. bekkjar auk nemenda sem voru að koma í 1. bekk. Mæltist verkefnið vel fyrir og mun verða framhald á því.

### **Skýrslur og ársuppgjör**

- ✓ Kennarar sem sinna sérkennslu skila inn skýrslu að vori á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur hvað var gert, hvernig það gekk og hugmyndir að skipulagi og úrbættum fyrir næsta vetur.

- ✓ Umsjónarkennarar skila inn óskum um sérkennslu fyrir sína nemendur næsta vetur og upplýsingum um hvernig gekk í vetur á stuttum fundi með deildarstjóra stuðningsbrautar.
- ✓ Deildarstjóri stuðningsbrautar tekur síðan allar þessar skýrslur saman og vinnur upp úr þeim áætlaða sérkennsluþörf næsta skólaárs.

### Samstarf

- ✓ Talmeinafræðingur hjá Skólaþjónustu Árneshings sinnti greiningum á málþroska hjá nokkrum nemendum. Í vetur hefur talmeinafræðingur boðið upp á reglulega þjálfunartíma í gegnum fjarfundabúnað fyrir þá nemendur sem falla undir aðstoð sveitarfélagsins. Nýttust þessir tímar mjög vel.
- ✓ Samstarf við Setrið, sérdeild Suðurlands í Sunnulækjarskóla. Engin nemandi frá okkur stundaði nám í Setrinu þetta skólaár.
- ✓ Deildarstjóri stuðningsbrautar er í samstarfi og samskiptum við fagaðila á nýrri Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings, skólasálfræðing og foreldra. Samstarf er milli Þjórsárskóla og Flúðaskóla að milligöngu Skólaþjónustu um að deildarstjóri sinni greiningum fyrir Þjórsárskóla.
- ✓ Einnig er samstarf og samskipti við Þjórsárskóla og leikskólann Undraland vegna nemenda sem koma þaðan í Flúðaskóla ef um frávík eða sérþarfir er um að ræða.
- ✓ Samstarf við aðila sem taka nemendur í starfsnám ef það á við. Í vetur var einn nemandi í starfsnámi í Leikskólanum Undralandi og gekk það samstarf mjög vel.

### Næsta skólaár

- ✓ Vinna áfram að læsismálum, hugsanlega halda námskeið tengd læsi.
- ✓ Fasta fundi vegna nemenda með sérþarfir.
- ✓ Fundir haldnir á haust- og vorönn með öllum sem koma að hverjum árgangi þar sem farið var yfir stöðuna, hvað þyrfti að bæta og hvað hefði gengið vel. Fjalla um hópinn sem heild en ekki eingöngu sérkennslunemendur.

Það hefur verið gaman að starfa með ykkur – takk fyrir veturinn ☺

Kolbrún H.

Kolbrún Haraldsdóttir  
deildarstjóri stuðningsbrautar Flúðaskóla

